



Fundargerð

Tilv. 1601006/1.7

Fundur: Grisjunarráð 1/2016.
Dagsetning og tími: 13. janúar 2016, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar dags. 9. desember 2015.
2. Grisjunarbeiðni Menntaskólans á Ísafirði dags. 17. nóvember 2015 – fylgiskjöl bókhalds (frá síðasta fundi).
3. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 16. desember 2015 – eyðublöð vegna atvinnuleitar erlendis.
4. Grisjunarbeiðni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands dags. 16. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds.
5. Grisjunarbeiðni Neytendastofu vegna Löggildingarstofu dags. 21. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds.
6. Grisjunarbeiðni Neytendastofu dags. 21. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds.

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Undirritun fundargerðar dags. 9. desember 2015.

Fundargerð grisjunarráðs dags. 9. desember 2015 samþykkt og undirrituð.

2. Grisjunarbeiðni Menntaskólans á Ísafirði dags. 17. nóvember 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1511040).

Beiðnin var samþykkt. Menntaskólanum á Ísafirði er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.



3. Grisjunarbeiðni Vinnumálastofnunar dags. 16. desember 2015 – eyðublöð vegna atvinnuleitar erlendis (málsnr. 1512043).

Beiðnin var samþykkt. Vinnumálastofnun er heimilt að eyða eyðublöðum vegna atvinnuleitar erlendis einu ári eftir tilurð þeirra með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll eyðublöð frá einum mánuði á tíu ára fresti, á árum sem enda á 0.

4. Grisjunarbeiðni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands dags. 16. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1512042).

Beiðnin var samþykkt. Heilbrigðisstofnun Vesturlands er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

5. Grisjunarbeiðni Neytendastofu vegna Löggildingarstofu dags. 21. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1512048).

Ákveðið að fresta afgreiðslu beiðninnar og afla nánari upplýsinga og hvort óskað sé eftir heimild fyrir eyðingu á frumritum eða afritum launalista.

6. Grisjunarbeiðni Neytendastofu dags. 21. desember 2015 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1512049).

Beiðnin var samþykkt. Neytendastofu er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjölum bókhalds sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita skal sem sýnishorn öll fyrrnefnd skjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5, sbr. viðmiðunarreglu sem stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns Íslands setti 11. febrúar 2010.

Fundi slitið kl. 13:05.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)